



# Umhverfisskýrsla MTR 2024

Byggð á niðurstöðum úr grænu bókhaldi

unnin af Elsu Guðrúnu

<b>Samantekt</b>	<b>2</b>
<b>Umhverfissvottaðar vörur</b>	<b>3</b>
<b>Sorphirða</b>	<b>3</b>
<b>Heildarlosun CO<sub>2</sub> 2024</b>	<b>3</b>
<b>Markmið fyrir heildarlosun CO<sub>2</sub> 2025</b>	<b>4</b>
<b>Kolefnisjöfnun tímabils</b>	<b>5</b>

## Samantekt

Menntaskólinn á Tröllaskaga skilaði sínu fimmta græna bókhaldi fyrir árið 2024 í september 2025, en engin skiladagur var settur þetta árið vegna skilanna. Þar sem vinna er í gangi á vefsíðunni.

Í þessari skýrslu eru settar fram helstu niðurstöður. Hlutfall umhverfissvottaðra ræstiefna var 100%. Markmiðum hefur ekki verið náð varðandi sorpmál en nálgast þó, en hlutfall almenns sorps er nú 28% og hefur lækkað verulega frá fyrra ári þegar það var 40%. Hlutfallið var 80% árið 2017 þegar mælingar hófust og stefnt er að 20%. Enginn pappír var keyptur á árinu.

Græna bókhaldið nær frá árinu 2019. Samanburður á losun milli þessara sex ára er ennþá talsvert skekkur þó nú séu smám saman að myndast samanburðarhæfar tölur. Í fyrsta bókhaldi var nemendafjöldi ekki talinn með og því var losun á stöðugildi talsvert mikil, en snarlækkaði árið 2020. Árið 2021 var akstur starfsmanna til og frá vinnu skráður í fyrsta skipti og þá jókst losun í samræmi við það, tekið skal fram að 93% starfsmanna uppfyllir samgöngusáttmála og kemur til vinnu amk 3 daga vikunnar á vistvænan máta og/eða vinnur heima. Flugferðir höfðu legið niðri á tímabilinu vegna covid, en erlend verkefni hófust aftur 2021 og hafa haldið áfram til og með ársins 2024.

Í markmiðssetningu fyrir 2025 er gert ráð fyrir að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Til dæmis er gert ráð fyrir að hlutfall umhverfissvottaðra vara verði áfram 100%. Einnig stefnum við að því að hlutfall sorps til endurvinnslu verði 80% samkvæmt kröfum grænna skrefa, en við höfum nálgast þá tölu, erum í 70% núna en árið 2023 60%. Flug eru langstærsti losunarpátturinn en við getum ekki gert ráð fyrir samdrætti þar sem fjöldi ferða vegna erlendra verkefna hefur nú þegar verið samþykktur.

Heitavatnið heldur sér frá fyrra ári og er 16,67m<sup>3</sup>/ stöðugildi. Hafði hækkað árið áður frá 11,89m<sup>3</sup>/ stöðugildi og í 16,36m<sup>3</sup>/ stöðugildi.

Heildarlosun CO<sub>2</sub> íg á tímabilinu lækkaði í 40 tonn en var 44 tonn eða úr 1276 kg og í 1128 á stöðugildi. Þar er mest losun vegna flugferða, þá aksturs og loks heitt vatn. Aukning hefur verið á síðustu tveim árum frá fyrri árum en það er vegna covid þegar ferðir voru lágmarki.

Losun 2024 hefur verið kolefnisjöfnuð að fullu.


## Umhverfisvottaðar vörur

	Markmið	Hlutfall/Magn	Markmið fyrir næsta ár hlutfall	Markmið fyrir næsta ár magn/stöðugildi
Hlutfall umhverfisvottaðra vara og þjónustu				
Ræsti og hreinsiefni	100%	100%	100%	
Magn				
Heitt vatn	38,4 m <sup>3</sup> /stöðugildi	38,4 m <sup>3</sup> /stöðugildi		38,4m <sup>3</sup> / stöðugildi
Skrifstofupappír	0 kg/stöðugildi	0 kg/stöðugildi		0 kg/stöðugildi
Ræsti og hreinsiefni	0,04 lítrar/stöðugildi	0,04 lítrar/stöðugildi		0,04 lítrar/stöðugildi

## Sorphirða

Sorphirða				
	Almennt til urðunar	Heildar-úrgangur	Hlutfall sorps til urðunar	Hlutfall endurvinnslu
Ár	kg	kg		
2017	1450	2040	71%	29%
2018	1510	2340.5	65%	35%
2019	740	1617	46%	54%
2020	600	1180	51%	49%
2021	240	910	26%	74%
2022	820	2240	36,6%	63,4%
2023	850	2140	39,7%	60,2%
2024	370	1300	28,46%	71,5%

## Heildarþyngd, Almennit sorp, Lífrænn úrgangur til moltugerðar og Endurvinnsla (pappír og plast)



## Heildarlosun CO<sub>2</sub> 2024

Heildarlosun CO <sub>2</sub> íg á tímabilinu	
Flokkur	tonn
Rafmagn og heitt vatn	
Heitt vatn	8,700
Rafmagn	0,599
Samgöngur	
Akstur	4,178
Flug	26,887
Úrgangur	
úrgangur	03484
Samtals	40,847

## Markmið fyrir heildarlosun CO<sub>2</sub> 2025

Ekki er gert ráð fyrir samdrætti í rafmagni, þar sem starfsemi í húsi mun ekki breytast. Flug verður áfram stór hluti af losun miðað við erlend verkefni sem eru á dagskrá. Við setjum

okkur þó markmið að draga örlítið úr losun vegna utanlandsferða starfsfólks og vegna úrgangs, samtals um 2 tonn.

Flokkur	tonn
Rafmagn og heitt vatn	
Heitt vatn	8,522
Rafmagn	0,600
Samgöngur	
Akstur	5,000
Flug	24,800
Úrgangur	
úrgangur	0,500
Samtals	39,422

## Kolefnisjöfnun tímabils

Kolefnisjöfnun tímabils 40 CO<sub>2</sub> íg (t) en jafnað var fyrir 50 CO<sub>2</sub> íg (t)